

Skóla- og frístundasvið  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

### **Framlenging samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla**

Á fundi borgarráðs þann 1. desember 2022 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 28. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera viðauka við samninga Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík sem gilda til 31. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalistaflokks Íslands sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gagnrýna harðlega að framlengdir séu eldri samningar án þess að rekstrarframlög séu aukin með þeim hætti að gjaldskrár til foreldra verði til samræmis við borgarrekna leikskóla. Mikilvægt er að samningarnir verði teknir upp snemma á nýju ári og taki mið af kröfum Samtaka sjálfstæðra skóla um aukin framlög, minni miðstýringu og faglegt frelsi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins vill sjá tillögur sem lúta að því að Reykjavíkurborg setji kvaðir um arðgreiðslur eða hvernig rekstrarafgangur sem rekja má til opinberra framlaga skuli nýttur ræddar í þaula og samþykktar áður en framlengja á samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla, hvort sem framlengingu er til skemmri eða lengri tíma. Þessar tillögur ásamt fleirum voru reifaðar í skýrslu starfshóps um mótun stefnu og tillagna um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Það var vissulega hið versta mál að Samtökum sjálfstæðra skóla var ekki boðin aðkoma að gerð hennar þrátt fyrir að beinlínis hafi verið gert ráð fyrir því og samtökin leitað eftir því. Athugasemdir í skýrslu innri endurskoðunar vegna arðgreiðslna vöktu tortryggni. Eðlilegt er því að ljúka umræðu tillagnanna og ákveða hverjar verða samþykktar áður en samningar eru framlengdir. Allir leikskólar borgarinnar hvernig svo sem þeir eru reknir eru að vinna frábært starf og þörf er á þeim öllum og gott betur. En það er mikilvægt að enginn þurfi nokkurn tímann að halda að verið sé að reka leikskóla til að græða.



Helga Björk Laxdal  
e.u.



Borgarráð

Reykjavík, 28. nóvember 2022  
SFS22060176

***Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla verði framlengdir***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera viðauka við samninga Reykjavíkurborgar sem gilda til 31. desember 2022 við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík með samning við skóla- og frístundasvið. Með viðaukanum verði gildistími samninga og þegar gerðra viðauka, eftir því sem við á, framlengdir til 31. desember 2023. Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs leikskóla og samningsbundnar skyldur uppfylltar.

**Greinargerð:**

Þann 3. febrúar 2022 skipaði borgarstjóri starfshóp um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Erindisbréf hópsins var lagt fram fundi borgarráðs 10. febrúar sl.

Samkvæmt erindisbréfi hópsins var það hlutverk hans að móta drög að stefnu og tillögum um aðkomu Reykjavíkurborgar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum, þar sem jafnræði og gegnsæi er haft að leiðarljósi þegar kemur að aðkomu og framlögum Reykjavíkurborgar. Í erindisbréfi er hlutverki og helstu verkefnum lýst.

Starfshópurinn hefur lokið störfum og afhent borgarstjóra skýrslu, dags. í október 2022. Skýrslan var lögð fram á fundi borgarráðs 27. október sl. ásamt bréfi borgarstjóra þar sem lagt var til að ráðið samþykkti tillögur starfshópsins og hefur verið til meðferðar á vettvangi ráðsins.

Tillögur starfshópsins fela í sér umtalsverðar breytingar á aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leikskólum og er það mat skóla- og frístundasviðs að tími sá sem til stefnu er fram að 31. desember 2022 sé of skammur en þá er gildistími samninga útrunninn. Er þá haft í huga að ekki hefur verið tekin afstaða til tillagna starfshóps um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum og að í hönd þurfa að fara samningaviðræður við sjálfstætt starfandi leikskóla.

Vegna framangreinds er lagt til að núgildandi samningar verði framlengdir til 31. desember 2023.

*I Forsaga málsins*



Á 144. fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. september 2018 og í borgarráði þann 4. október 2018 var samþykkt að gera samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík. Samningarnir tóku gildi þann 1. október 2018 og giltu til þriggja ára.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 og í borgarráði þann 10. janúar 2019 var samþykkt tillaga varðandi ungbarnadeildir í sjálfstætt reknum leikskólum: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44\\_sfs\\_ungbarnadeildir.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44_sfs_ungbarnadeildir.pdf)

Þá hafa frá árinu 2018 verið gerðir samningar og viðaukar um framlög á grundvelli umsókna sjálfstætt rekinna leikskóla.

Á fundi borgarráðs þann 30. september 2021, var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 16. september 2021, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 14. september 2021, varðandi tillögu um að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að gera viðauka við samning Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík með þjónustusamning við skóla- og frístundasvið þar sem gildistími samninga og viðauka samkvæmt honum verða framlengdir til 30. júní 2022. Í þeim tilfellum þar sem gildistími er til lengri tíma en 30. júní 2022 verði gerð sú breyting gagnvart viðsejendum að samningar fái gildistíma til 30. júní 2022.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. júní 2022 og borgarráðs, dags. 7. júlí 2022, var samþykkt að gerður yrði viðauki við samninga Reykjavíkurborgar, sem gilda til 30. júní 2022, við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík með samning við skóla- og frístundasvið, þar sem gildistími samnings og viðauka samkvæmt honum yrði framlengdur til 31. desember 2022.

Í meðfylgjandi yfirliti má sjá rekstraraðila sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík, tegund af samningi, fjölda barna og gildistíma samninga.

### *II Efni samninga og viðsejendur*

Í fyrsta lagi er um að ræða samninga um framlög vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Í öðru lagi eru átta leikskólar sem eru með framangreindan samning jafnframt með samning vegna ungbarnadeilda (börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða).

Um er að ræða eftirfarandi rekstraraðila; Hjallastefnan ehf vegna Laufásborgar, Waldorfskólinn Sólstafir og Skerjagarður ehf.

Eftirfarandi rekstraraðilar eru jafnframt með samning vegna ungbarnadeildar; Leikskólinn Vinaminni, Félagsstofnun stúdenta vegna Mánagarðs, Barnaheimilið Ós, Sælukot, Leikskóli KFUM og K, Hjallastefnan ehf vegna Öskju, Gaudium ehf vegna Regnbogans og LFA ehf vegna Fossakots og Korpukots.

Tekið er fram að þegar kemur að þeim leikskólum sem eru með samning vegna ungbarnadeildar þá hafa samningar verið túlkaðir með þeim hætti að heildarfjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna á aldrinum 18 mánaða til sex ára sé samanlagður fjöldi barna samkvæmt samningi vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára og samkvæmt samningi um ungbarnadeild 12 til 18 mánaða. Hinsvegar geti fjöldi barna á aldrinum 12 til 18 mánaða ekki verið umfram þann fjölda sem tilgreindur er í samningi vegna ungbarnadeildar. Þannig munu greiðslur framlags ekki falla niður þegar börn ná 18 mánaða aldri á þeim grundvelli einum að heimild til greiðslu framlags vegna tilgreinds fjölda á aldrinum 18 mánaða

til 6 ára, sé fullnýttur. Hins vegar breytist framlagið til samræmis við það með þeim hætti að greitt verður með þeim börnum til samræmis við framlög vegna eldri barna.

Þá eru tveir rekstraraðilar með samning vegna fimm ára leikskóladeildar en það eru Skóli Ísaks Jónssonar og Landakotsskóli. Þessir samningar eru sama efnis og samningar vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Í þriðja lagi er um að ræða samninga við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða,

Eftirfarandi rekstraraðila eru með samning vegna ungbarnaleikskóla; Leikskólann Lundur, Skólar ehf vegna Ársólar, Félagsstofnun stúdenta vegna Leikgarðs, Félagsstofnun stúdenda vegna Sólgarðs og Krílasel ehf.

Allir samningarnir eru efnislega að mestu samhljóða að því undanskyldu að mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur er margfölduð með 1,15 vegna leikskóla með samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára en margföldunarstuðullinn er 2,15 vegna leikskóla með samning sem nær til barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða og vegna ungbarnadeilda með börn á aldrinum 12 til 18 mánaða. Yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag er meðfylgjandi.


### *III Fjárhagsleg áhrif*

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs er gert ráð fyrir framlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið vegna annars vegar barna frá 18 mánaða til 6 ára og ungbarnadeilda þeirra eftir því sem við á og hinsvegar vegna barna 6/9 mánaða til 36 mánaða. Framlenging samninga hefur ekki áhrif á drög að fjárhagsáætlun SFS vegna ársins 2023 eða núverandi framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla. Framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla á ársgrundvelli geta numið allt að 4 milljarðar króna m.v. hámarks fjöld barna sem fram kemur í einstökum samningum.

### *IV. Afgreiðsla*

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er lagt til að gerður verði viðauki við samninga sjálfstætt starfandi leikskóla sem falla úr gildi þann 31. desember 2022 með þeim hætti að samningar verði framlengdir til 31. desember 2023.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



## Yfirlit yfir samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík

Samningar vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára:

Nafn leikskóla	Rekstraraðili	Kennitala	Gildistími samnings	Heimilaður barnafjöldi að hámarki
Askja	Hjallastefnan ehf	540599-2039	31.12.2022	152*
Fossakot/Korpukot	LFA ehf	590104-2720	31.12.2022	180*
Kfum og K	Leikskóli KFUM og KFUK	590176-0369	31.12.2022	95*
Laufásborg	Hjallastefnan ehf.	540599-2039	31.12.2022	127
Mánagarður	Félagsstofnun stúdenta	540169-6249	31.12.2022	128*
Ós	Barnaheimilið Ós	641073-0329	31.12.2022	48*
Regnboginn	Gaudium ehf	600721-0970	31.12.2022	74*
Skerjagarður	Skerjagarður ehf.	500303-2390	31.12.2022	50
Sólstaðir	Waldorfleikskólinn Sólstaðir	430694-2199	31.12.2022	83
Sælukot	Leikskólinn Sælukot	420683-0309	31.12.2022	79*
Vinaminni	Leikskólinn Vinaminni ehf.	500194-2519	31.12.2022	86*
Ísaksskóli	Skóli Ísaks Jónssonar	600269-4889	31.12.2022	75**
Landakotsskóli	Landakotsskóli	066050-1210	31.12.2022	30**

\*Ungbarnadeildir,  
samtsals 157 börn

1.207

\*\* Fimm ára  
deildir, samtsals  
105 börn



Ungbarnaleikskólar, börn á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða:

Nafn leikskóla	Rekstraraðili	Kennitala	Skrifar undir samning	Heimilaður barnafjöldi
Ársól	Skólar ehf.	630800-2930	31.12.2022	68
Leikgarður	Félagsstofnun stúdenta	540169-6249	31.12.2022	63
Lundur	Leikskólinn Lundur ehf.	500106-0500	31.12.2022	45
Sólgarður	Félagsstofnun stúdenta	540169-6249	31.12.2022	51
Kríasel	Kríasel ehf	700818-0390	31.12.2022	25
				<b>252</b>